

Greinargerð

til verkefnisstjórnar 6. áfanga rammaáætlunar

frá faghópi 2

dags. 28. maí 2026

Efni: Virkjunarhugmyndir í verndarflokki í 2. áfanga rammaáætlunar og afnumdar friðlýsingar – þörf á endurmati?

Vísað er til fundargerðar verkefnisstjórnar 6. áfanga rammaáætlunar af 14. fundi hennar 27. mars 2026 þar sem eftirfarandi var bókað um erindi til faghópa verkefnisstjórnar:

2. Meðferð friðuðu svæðanna

Um er að ræða svæði hverra friðlýsingar voru afturkallaðar í kjölfar dóms Hæstaréttar 27. mars 2024, mál nr. 36/2023, en það eru: Jökulsá á Fjöllum, Geysir, Kerlingarfjöll, Brennisteinsfjöll, Gjástykki, Hólmsá, Jökulfall og Hvítá og Tungnaá.

Við afgreiðslu fundargerðar samþykkti verkefnisstjórn eftirfarandi tillögu um meðferð málsins:

Á grundvelli dóms Hæstaréttar hinn 27. mars 2024 voru tillögur að friðlýsingu átta svæða afturkallaðar. Til að undirbúa nýja þingsályktunartillögu þar sem farið yrði að dómi Hæstaréttar felur verkefnisstjórn faghópum að meta hvort slíkar forsendubreytingar hafi orðið frá því faghópar mátu þessa kosti að þörf sé á að endurtaka fyrra mat.

Um er að ræða virkjunarhugmyndir sem fjallað var um í 2. áfanga rammaáætlunar. Í töflunni að neðan sjást þær virkjunarhugmyndir og landsvæði sem féllu í verndarflokk í rammaáætlun sem Alþingi samþykkti árið 2013 og byggði á niðurstöðum úr 2. áfanga. Í töflunni eru merktar þær virkjunarhugmyndir sem erindi verkefnisstjórnar nú varðar.

3. Verndarflokkur.

A. Vatnasvið

Landshluti	Vatnasvið	Virkjunarkostur
Norð austurland	Jökulsá á Fjöllum	● 12 Arnardalsvirkjun
Norð austurland	Jökulsá á Fjöllum	● 13 Helmingsvirkjun
Suðurland	Djúpa, Fljótshverfi	14 Djúpárvirkjun
Suðurland	Hólmsá	● 20 Hólmsárvirkjun við Einhyrning, með miðlun
Suðurland	Markarfljót	22 Markarfljótsvirkjun A
Suðurland	Markarfljót	23 Markarfljótsvirkjun B
Suðurland	Tungnaá	● 24 Tungnaárlón
Suðurland	Tungnaá	● 25 Bjallavirkjun
Suðurland	Þjórsá	27 Norðlingaölduveita, 566–567,5 m y.s.
Suðurland	Jökulfall í Árnassýslu	● 32 Gýgjarfossvirkjun
Suðurland	Hvítá í Árnassýslu	● 33 Bláfellsvirkjun

B. Háhitasvæði

Landshluti	Háhitasvæði	Virkjunarkostur
Reykjanesskagi	Brennisteinsfjallasvæði	● 68 Brennisteinsfjöll
Reykjanesskagi	Hengilssvæði	74 Bitra
Reykjanesskagi	Hengilssvæði	77 Grændalur
Suðurland	Geysissvæði	● 78 Geysir
Suðurland	Kerlingarfjallasvæði	● 79 Hverabotn
Suðurland	Kerlingarfjallasvæði	● 80 Neðri-Hveradalir
Suðurland	Kerlingarfjallasvæði	● 81 Kisubotnar
Suðurland	Kerlingarfjallasvæði	● 82 Þverfell
Norð austurland	Gjástykkissvæði	● 100 Gjástykki

Til að svara erindi verkefnisstjórnar um það hvort slíkar forsendubreytingar hafi orðið frá því faghópur 2 mat framangreindar virkjunarhugmyndir að þörf sé á að endurtaka fyrra mat hefur faghópurinn horft til tveggja atriða:

- Hvort miklar breytingar hafa orðið á aðferðafræði faghóps 2 frá því umræddar virkjunarhugmyndir voru til umfjöllunar í 2. áfanga rammaáætlunar.
- Hvort orðið hafa verulegar breytingar á ytri þáttum sem varða mat á áhrifum virkjunarhugmynda á ferðaþjónustu og útivist, landbúnað og veiðinytjar.

Aðferðafræði faghóps 2 í 2. áfanga og nú

Faghópur 2 hefur yfirfarið samsvörun aðferðafræði faghópsins í 2. áfanga við þá aðferðafræði sem beitt var í 5. áfanga og áformað er að beita áfram í 6. áfanga.

Sú aðferðafræði sem unnið er út frá í dag við mat faghóps 2 á virkjunarhugmyndum var mótuð í 2. áfanga rammaáætlunar. Í gegnum 3., 4. og 5. áfanga hefur hún haldið áfram að þróast og slípast til, en er í grunninn sú sama og lagt var upp með og beitt í 2. áfanga rammaáætlunar. Til marks um það vísast til kafla 4.3 í lokaskýrslu verkefnisstjórnar 2. áfanga og kafla 2.5, 3.1.3. og 3.2.2 í lokaskýrslu faghóps 2 í 5. áfanga.

Þótt breytingar hafi orðið á einstökum viðföngum, viðmiðum og vogtölum frá aðferðafræðinni í 2. áfanga til dagsins í dag, telur faghópur 2 vera um sambærilega aðferðafræði að ræða sem eigi að skila sambærilegri niðurstöðu um virði einstakra svæða og áhrif virkjunarhugmynda á þau.

Breytingar á ytri þáttum

Vinna í 2. áfanga rammaáætlunar fór fram á árunum 2007-2011. Ýmislegt hefur tekið breytingum í ytra umhverfi á þeim tíma sem liðinn er síðan, sem getur haft áhrif á mat á áhrifum virkjunarhugmynda á þá þætti sem faghópur 2 fjallar um, þ.e. ferðaþjónustu og útivist, landbúnað og veiðinytjar. Þar er meðal annars hægt að nefna mikla fjölgun erlendra ferðamanna og aukið vægi ferðaþjónustu í íslensku samfélagi. Einnig rannsóknir sem sýna mikilvægi íslenskrar náttúru sem aðdráttarafls fyrir erlenda ferðamenn. Þá hefur útivist aukist og orðið fjölbreyttari, sem sést meðal annars á fjölda aðila sem bjóða upp á ferðir og námskeið ætluð heimamarkaði. Ýmislegt í lagabróun og stefnu stjórnvalda er einnig hægt að tína til, þ.á m. nýja náttúruverndarlöggjöf með aukna áherslu á landslagsvernd og óbyggð víðerni, staðfestingu evrópska landslagssamningsins og ýmis stefnuskjöl stjórnvalda, svo sem landsskipulagsstefnu og landbúnaðarstefnu. Þá hafa ný svæði verið friðlýst. Faghópur 2 telur þessar breytingar í ytra umhverfi frekar vera til þess fallnar að auka vægi landsvæða fyrir þá þætti sem faghópurinn fjallar um og þar með einnig möguleg neikvæð áhrif virkjunarhugmynda á þau. Þannig telur faghópurinn að endurtekið mat á umræddum virkjunarhugmyndum gæti mögulega leitt til hærri áhrifaeinkunnar fremur en lægri.

Niðurstaða

Að teknu tilliti til þróunar á aðferðafræði faghóps 2 og breytinga í ytra umhverfi sem varða þá þætti sem faghópur 2 metur áhrif á, telur faghópurinn ekki vera um slíkar forsendubreytingar að ræða frá niðurstöðum faghópsins í 2. áfanga rammaáætlunar að þörf sé á að endurtaka fyrra mat.